

## AUGLÝSING

### um staðfestingu á breytingu á skipulagsskrá fyrir Háskólasjóð Hf. Eimskipafélags Íslands sem staðfest var 11. nóvember 1964, nr. 247.

Stjórn Háskólasjóðs Hf. Eimskipafélags Íslands hefur samþykkt eftirfarandi breytingar á 5., 6. og 7. gr. skipulagsskrár sjóðsins:

5. gr. skipulagsskrárinnar orðist svo:

Sjóðurinn tekur á móti gjöfum og áheimum þeirra manna, er styðja vilja starfsemi hans.

Stjórn sjóðsins skipa þrír menn: Stjórnarformaður Landsbanka Íslands hf., varaformaður stjórnar og bankastjóri.

6. gr. orðist svo:

Sjóðsstjórnin skal annast reikningshald sjóðsins og ávaxa fé hans á sem tryggilegastan hátt. Skal sjóðsstjórnin halda nákvæma skrá yfir nöfn og gjafir þeirra er gefa til sjóðsins, svo og gjafir, framlög eða styrki úr sjóðnum.

Endurskoðendur sjóðsins skulu vera hinir sömu og endurskoðendur Landsbanka Íslands hf. Reikningar sjóðsins skulu árlega birtir ásamt reikningum Landsbanka Íslands hf. Skal háskólaráði sent eintak af reikningunum.

7. gr. orðist svo:

Sjóðsstjórn er heimilt að selja hlutabréf sjóðsins fyrir hagkvæmt verð, en þó aldrei fyrr en gefandi er látinn.

Ofangreindar breytingar á skipulagsskrá fyrir Háskólasjóð Hf. Eimskipafélags Íslands staðfestast hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá nr. 19/1988.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 14. nóvember 2005.*

F. h. r.

**Hjalti Zóphóniasson.**

*Bryndís Helgadóttir.*